

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag, Kerhraun, svæði A, B og C.

Um er að ræða endurskoðað deiliskipulag sem tekur til Kerhrauns, svæðis A, B og C. Gildandi deiliskipulag fyrir Kerhraun var staðfest 17. nóvember 1999.

Deiliskipulagið tekur til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á upprunalegu deiliskipulagi svæðisins. Tilgangur skipulagsgerðarinnar er að uppfæra eldra skipulag í samræmi við núgildandi lög og skilgreina helstu bygginga- og framkvæmdaskilmála innan svæðisins með skýrum hætti. Með gildistöku þessa deiliskipulags fellur úr gildi eldra deiliskipulag svæðisins.

Deiliskipulagsbreyting, Syðri-Brú, Lyngbrekka 10, L207036.

Um er að ræða óverulega deiliskipulagsbreytingu og í henni felst breytt skilgreining á byggingarreit innan lóðarinnar auk þess sem skilgreind bílastæði eru færð inn á lóðina. Samþykkt í sveitarstjórn 5. október 2022.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 28. nóvember 2022.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.